

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1	Áfangaheiti BSF 501 Kennsluáætlun 5. Önn 2013	

Kennari	Kristján B. Jónsson	Sk.st.	
----------------	---------------------	---------------	--

Áfangalýsing:

Farið yfir loftfjöðrunarkerfi í smáum og stórum ökutækjum: Framleiðslukerfi, loftbelgi, loft- og segulloka, þungaskynjunar- og hæðarstilliloka og höggdeyfa. Skoðun og skipti á loftfjöðrunarbelg. Stillingar á hæðarstilliloka. Handvirk hæðarstilling yfirfarin. Heildarskoðanir á undirvagni, þ.e. stýris-, fjöðrunar- og hjólabúnaði ökutækja.

Markmið:

Nemandi þekki: Uppbyggingu loftfjöðrunarkerfa í fólks-, flutninga- og hóp bifreiðum
Nemandi geti: Prófað loftfjöðrunarkerfi og íhluti þeirra, gert stillingar og viðgerðir á loftfjöðrunarkerfum

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 822/2004.
Verkefnablöð kennara.

Áætlun um yfirferð:

Farið yfir námsefni lotunnar, fjallað um ýmsar gerðir fjöðrunar, staðsetningu íhluta, hlutverk þeirra, virkni fjöðrunarkerfa, viðgerðir og viðhald þeirra. Skoðaðir íhlutir bæði lausir og í ökutækjum. Nemendur vinna verkefni þar sem mælingar eru gerðar á loftfjöðrun og stýringum fyrir hana. Farið er yfir hvaða atvik eða bilanir sem geta komið upp í fjöðrunarkerfum. Hvernig staðið skuli að viðgerð á fjöðrunarkerfum með áherslu á hvað má og má ekki í umgengni og viðgerðir á fjöðrunarkerfum. Nemendur skila tveimur heimaverkefnum, vinna verkefni í bílum og svo er skriflegt lokapróf.

Verkefni:

Verkleg verkefni, heimaverkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:


Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítinn áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 04.01.2013


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils